



Viðtakandi: **Umhverfis og skipulagsráð**

Sendandi: **Skrifstofa samgangna- og borgarhönnunar, umhverfis og skipulagssvið**

Reykjavík, 15. apríl 2026

MSS26020076

## **Umsögn um tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um endurskoðun umferðaskipulags við Höfðabakka og Bæjarháls**

Á fundi borgarstjórnar, dags. 17. febrúar 2026 var lögð fram svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, sbr. 3. liður fundargerðar umhverfis og skipulagsráðs, dags. 17. febrúar 2026.

*Borgarstjórn samþykkir að fela Reykjavíkurborg að taka þegar í stað til heildstæðrar endurskoðunar þær breytingar sem nýlega hafa verið gerðar á umferðarskipulagi við Höfðabakka, þar á meðal við Bæjarháls, Dvergshöfða, Stórhöfða og á Höfðabakkabrú. Endurskoðunin skal sérstaklega taka til: A. Áhrifa framkvæmdanna á umferðarflæði, þar á meðal myndun umferðarteppa eftir Höfðabakka, inn í Grafarvog og niður Ártúnsbrekku. B. Áhrifa á umferðaröryggi, bæði á stofnæðum og innan íbúðahverfa, þar sem umferð hefur í auknum mæli leitað inn í Höfðahverfi/Ártúnshöfða, Bryggjuhverfi og Ártúnsholt. C. Áhrifa breytinganna á neyðarakstur, sérstaklega með tilliti til viðbragðstíma slökkviliðs, sjúkrabíla og lögreglu frá slökkvistöðinni við Tunguháls. D. Áforma um fjarlægingu beygjuvasa við Bæjarháls og hvort slík ráðstöfun samræmist markmiðum um skilvirkni, öryggi og greiðar samgöngur á einni af lykiltengingum borgarinnar. Borgarstjórn felur jafnframt viðeigandi sviðum borgarinnar að eiga formlegt og skjalfest samráð við Íbúasamtök Grafarvogs, Árbæjar og Norðlingaholts og aðra hagsmunaaðila. Svara þarf án tafar þeirri formlegu áskorun sem Íbúasamtök Grafarvogs hafa þegar sent borgarfulltrúum og leggja fram tillögur að úrbótum sem miða að því að endurheimta eðlilegt umferðarflæði og tryggja öryggi allra vegfarenda.*

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar með bréfi borgarstjórnar, dags. 17. febrúar 2026.

Umsögn:

Allar ákvarðanir um breytingar á umferðarskipulagi á götum borgarinnar eiga að vera, og eru, byggðar á skýrum faglegum forsendum og metnar með tilliti til umferðaröryggis, umferðarflæðis og þjónustustigs kerfisins.

Breytingar á gatnamótum Höfðabakka við Stórhöfða, Dvergshöfða, Bíldshöfða, Vesturlandsveg og Bæjarháls hafa staðið til í lengri tíma en ekki komist til framkvæmda af ýmsum ástæðum fyrr en á síðasta ári. Framkvæmdum er ekki lokið enn og er því samstilling ljósanna ekki komin í fulla virkni.

Á gatnamótum Höfðabakka við Bæjarháls, Vesturlandsveg, Dvergshöfða og Stórhöfða hafa verið gerðar breytingar sem í meginráttum fólust í lagfæringum á miðeyjum og



**Reykjavík**



endurstillingu umferðarljósa. Lagfæringarnar á miðeyjunum miða að því annars vegar að bæta biðsvæði gangandi og hjólandi, sem og tryggja skilvirkari umferðarstýringar en áður.

Sú endurstilling, sem gerð var á ljósastýringunum, miðar að því að uppfæra hana m.v. þá þróun sem hefur átt sér stað í umferðarstraumum og einnig lagfæringar til að tryggja lágmarksgræntíma og fullnægjandi rýmingartíma. Í fyrri ljósastýringu voru frávik á þessu sem drógu úr umferðaröryggi.

Almennt fylgdi verkefninu ekki umfangsmiklar breytingar á legu akreina eða útfærslu gatnamóta, að undanskildum breytingum á gatnamótum Höfðabakka og Bæjarháls. Ítarlega voru skýrðar þær breytingar í kynningu fyrir umhverfis- og skipulagsráð 26. mars 2025 og í umsögn skrifstofu samgangna og borgarhönnunar, dags. 25. ágúst 2025.

Ráðgjafi er að vinna ítarlega greiningu á gatnamótum Höfðabakka og Bæjarháls, sem miðar að því að meta áhrif breytinganna á umferð og umferðarflæði. Stefnt er að því að allar mælingar fari fram í apríl og munu meðal annars fela í sér mælingar á biðraðalengdum með aðstoð flygilda, biðtíma akandi og útreikning á þjónustustigi. Niðurstöður greiningarinnar mun liggja til grundvallar frekara mati á þörf fyrir aðlögun eða úrbætur.

Framkvæmdir á gatnamótum Höfðabakka og Bíldshöfða munu hefjast á næstu dögum. Í þessum framkvæmdum verður eldri ljósabúnaður endurnýjaður, sem gerir kleift að samstilli loks umferðarljós á fimm samliggjandi gatnamótum á Höfðabakka, milli Stórhöfða og Bæjarháls. Slík samstilling hefur ekki verið möguleg með eldri búnaði, en er liður í markvissum aðgerðum til að bæta flæði og draga úr töfum á stofnbrautinni.

F. h. umhverfis- og skipulagssviðs

---

Bjarni Rúnar Ingvarsson  
*Deildarstjóri samgangna*  
*Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar*



**Reykjavík**